



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 28.5. '21

Úrskurður aganefndar 28. maí 2021

Eftirtalin mál lágu fyrir og var tekið til úrskurðar:

1. Aron Valur Jóhannsson leikmaður Kríu hlaut útilokun með skýrslu vegna óíþróttamannsleg hegðunar í leik Fjölnis og Kríu í umspili Olís deildar karla 25.5.2021. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6 a). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.
2. Tryggvi Þórisson leikmaður Selfoss hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Gróttu og Selfoss í Olís deild karla þann 27.5.2021. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 a). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands



ICELANDAIR



SAMSKIP VALITOR

